

Bleikjueldi á Íslandi

Ráðstefna haldin af Fiskeldishópi AVS og Landssambandi fiskeldisstöðva, Hótel Loftleiðum 22. október 2004


Jónatan Þórðarson
framkv. st. Silungs hf




Af hverju bleikjueldi á Íslandi ?

- Á Íslandi eru mikið til af köldu tempruðu ferskvatni og ísöltu vatni – Einstakt í öllum heiminum
- Þessar landfræðilegar aðstæður eru forsendur fyrir stórskala bleikjueldi

Bleikjuframleiðsla á Íslandi




Framleiðsla á bleikju í heiminum



Heimild: FAO

Framleiðsluferli hjá Silungi hf.




Kynbætur

- Staða kynbóta á Íslandi
 - Kynbætur hófust 1992 hjá Hólaskóla og 1991 hjá Stofnfiski hf.
- Staða kynbóta hjá samkeppnisaðilum
 - Í Svíþjóð hófust kynbætur 1985.
 - Í Kanada hafa kynbætur a.m.k. verið stundaðar frá árinu 1996

Markaður og framleiðsla

- Markaður fyrir bleikju er takmarkaður
- Reynslnan hefur kennt okkur að bleikjan selst ef hún er af réttum gæðum
- Framleiðendur hafa verið samstíga um að auka ekki framboð á bleikju meira en ráðlegt er á hverjum tíma

Árlegur útflutningur á bleikju




Markaðssvæði fyrir bleikju

Helstu markaðssvæði fyrir bleikju í dag eru:

- Evrópubandalagið 30%
- Bandaríkin 70%

Útflutningsverð á íslenskri bleikju



Markaðskönnun í BNA

Forsenda:

- Halda verði á bleikju allt að 30% hærra en á laxi

Niðurstaða:

- Markaður fyrir bleikju getur verið allt að 4% af markaðstærð laxamarkaðarins án þess að lækka verð
- Það gerir um 12.000 tonn miðað við núverandi markað

Heimsframleiðsla á bleikju

- Framleitt er um 4500 tonn af bleikju á ári (úr eldi og villt bleikja)
- Um 50% bleikjunnar er seld í Bandaríkjum
- Annað stærsta markaðssvæðið er Skandinavía
 - Þar er einnig talsvert af villtri bleikju sem er í samkeppni við eldisbleikjuna
- Megin niðurstaða er sú að enn er rými á markaði til að vaxa

Aðstæður til bleikjueldis

- Skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi:
 - Kjörhiti í matfiskeldi, 6-9°C
 - Seltuinnihald undir 25 ppm
- Eldi í kvíum
 - Eldi aðallega í litlum einingum í stöðuvötnum í Svíþjóð – Engin framleiðsluaukning á síðustu árum
 - Lágt hitastig á veturna og hátt á sumrin
 - Bleikjueldi í sjókvíum hefur nær enga útbreiðslu

Aðstæður til bleikjueldis (frh.)

- Endurnýtingakerfi
 - Aðallega stundað í Kanada, Bandaríkjunum og Noregi
 - Spara orku og draga úr vatnsnotkun
 - Hár stofn- og rekstrarkostnaður – Ósamkeppnishæfar litlar einingar
- Strandeldi
 - Einkum stundað á Íslandi
 - Hár stofn- og rekstrarkostnaður, en lægri en í endurnýtingarkerfum
 - Mikil stærðarhagkvæmni m.v. staðsetningu á Reykjanesi/Axarfirði

Aðstæður til bleikjueldis (frh.)

- Landeldi

- Einkum stundað á Íslandi og í Danmörku
- Í Axarfirði og á Suðurlandi er að finna staði með mikið magn af lindarvatni og heitu vatni. – Sumir með sjálfrennandi vatn
- Hægt að útbúa kjöraðstæður án þess að nota endurnýtingarkerfi.
- Eldi í jarðtjörnum í Danmörku - Of hátt hitastig á sumrin og lágt á veturna

Framleiðslukostnaður

- Af hverju lægri framleiðslukostnaður á Íslandi?
 - Komnir lengra í kynbótum en flestir samkeppnisaðilar
 - Góðar landfræðilegar aðstæður fyrir bleikjueldi
 - Hagkvæmari eldistækni
 - Stærri og hagkvæmari stöðvar

Rannsóknna- og þróunarstarf

- Kynbætur
- Þróa ódýrara fóður
- Þróa flakavinnslu, auka afköst og lækka kostnað
- Markaðsstarf – Því er best komið fyrir innan fyrirtækjanna sjálfra

Framtíðarsýn

- Íslendingar munu vera leiðandi í bleikjueldi þar sem við höfum bestu aðstæðurnar
- Framboð af eldisbleikju:
 - Eykst jafnt á næstu árum
 - Aukningin mun að stærstum hluta koma frá Íslandi
 - Núverandi framleiðendur geta tryggt jafnt framboð af bleikju og hátt verð á næstu árum
 - „Hetjufjárfestar” geta komið ójafnvægi á framboð og eftirspurn

Framtíðarsýn (frh.)

- Framtíðina má sjá tvíþætta
 - Nýta núverandi framleiðslugetu og ná 4.000 tonna framleiðslu
 - Ef tekst að ná nægilega hárrí framlegð á næstu árum er mögulegt að fara út í nýbyggingar